

Reglur Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra

1. Reglur þessar eru settar til að koma á mótis við barnafjölskyldur með lágar tekjur til að veita afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila, gjöldum til dagforeldra með það að markmiði að bæta kjör fjölskyldna.
2. Gildandi afsláttur samkvæmt gjaldskrá vegna gjalda samkvæmt 1. tl. helst óbreyttur til 31. júlí 2023. Frá og með 1. ágúst 2023 verður áfram í gildi systkinaafsláttur en annar afsláttur eins og afsláttur til einstæðra foreldra/forgangshópa og námsmanna verður tekjutengdur.
3. Viðmiðunartekjur skulu vera.

Heildartekjur heimilis.

Meðaltekjur allt að 787.200 kr. á mánuði.

Tekjuviðmið taka breytingum samkvæmt launavísitölu 1. janúar 2023.

Miða skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði.

4. Foreldrar/forráðamenn undir tekjuviðmiðum samkvæmt 3. tl. skulu fá 40% afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra.
5. Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. dags mánaðar og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði. Afsláttur kemur til framkvæmda í næsta mánuði á eftir enda eru uppfyllt skilyrði tekjuviðmiðunar samkvæmt 3. tl. Afslættir sem hafa komið til framkvæmda fyrir árslok 2022 eru óbreyttir til 31. júlí 2023, sbr. 2. tl.
6. Fyrir 15. júní 2023 þurfa þeir sem notið hafa annars afsláttar en systkinaafsláttar, s.s. námsmenn og einstæðir foreldrar, að sækja um áframhaldandi afslátt af gjöldum frá og með 1. ágúst 2023 og gilda þá tekjuviðmið samkvæmt 3. tl. við ákvörðun afsláttar.
7. Reglur þessar verða endurskoðaðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
1. desember 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*